

# GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN

Skólanámskrá  
2018 - 2019



## 7. bekkur

Umsjónarkennari: Ágúst Ólason

Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Skólastjóri: Ólína Þorleifsdóttir [olina@olfus.is](mailto:olina@olfus.is)

Aðstoðarskólastjóri: Jónína Magnúsdóttir [jonina@olfus.is](mailto:jonina@olfus.is)

## Efnisyfirlit:

Inngangur .....	3
Samstarf heimilis og skóla .....	3
Skimanir 2018 -2019.....	3
Námsmat .....	3
Viðmiðunarstundaskrá .....	4
Íslenska .....	5
Stærðfræði .....	7
Náttúrugreinar.....	9
Samfélagsgreinar.....	11
Enska.....	13
Danska .....	15
Íþróttir .....	17
Sund.....	19
Hönnun og smíði .....	21
Textílmennt .....	23
Heimilisfræði .....	25
Upplýsinga- og tæknimennt .....	27
Myndmennt.....	29
Leiklist.....	31
Dans .....	33

## Inngangur

Grunnskólinn í Þorlákshöfn leggur megináherslu á að þjálfa skólafærni nemenda. Með skólafærni er átt við umgengni, samskipti og vinnubrögð. Nemandinn þarf m.a. að læra að fara eftir reglum skólans og fyrir mælum starfsfólks, sýna skólafélögum sínum tillitsemi í leik og starfi, læra að umgangast eigin sínar, skólans og félaga sinna. Hann þarf að læra að vinna skipulega, ljúka verkefnum sínum, virða vinnu sína og annarra, vinna í hópstarfi og taka réttmæta ábyrgð á námi sínu. Lögð er áhersla á að samfella sé á milli skólastiga bæði í námi og félagsstarfi.

### Stefna skólans

- Að stuðla að vellíðan allra í skólanum
- Að efla félags- og siðgæðisvitund nemenda
- Að nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Að nemendur beri virðingu fyrir umhverfi sínu svo og taki ábyrgð á eigin gjörðum
- Að kennsluaðferðir, námsefni og námsumhverfi miðist við þroska og getu nemenda
- Að efla samskipti nemenda og starfsfólks innbyrðis svo og samskipti skóla og heimila

Einkunnarorð Grunnskólans í Þorlákshöfn eru: Vinátta—virðing—velgengni.

## Samstarf heimilis og skóla

Skóli og heimili eiga að hafa virk tengsl sín á milli og bera sameiginlega ábyrgð á námi nemenda. Samstarf heimila og skóla einkennist af því að skólinn miðlar upplýsingum til foreldra um starfið í skólanum en það gerir hann m.a. með tölvupósti, fundum og fréttabréfum. Auk þess einkennist samstarfið af samræðum við foreldra um allt sem við kemur nemandanum og skólastarfinu. Foreldrar taka einnig ákvarðanir með skólanum og vinna að öllum markmiðum nemenda með kennurum, í því felst t.d. heimanám, reglur um samskipti og hegðun, viðurlög við brot á reglum o.fl.

Helstu samskipti fara fram í gegnum Mentor og eiga foreldrar og kennarar almennt vikuleg samskipti þar inni.

## Skimanir 2018 -2019

Eftirtaldir skimanir eru hóp- og færniþróf og eru lögð fyrir 7. bekk sem hér segir:

Lesferill, lesfimi	september, janúar og maí
Stafsetning (Aston Index)	október
Orðarún 1	október
Orðarún 2	apríl

Samræmd könnunarþróf frá Námsmatsstofnun eru lögð fyrir 7. bekk í september.

## Námsmat

Í öllum námsgreinum meta kennarar framvindu námsins og hæfni nemenda jafnóðum yfir skólaárið og gefa þeim nemendum sem hafa ekki náð ákveðinni hæfni tækifæri til að bæta sig. Þegar kennarar leggja inn áveðin verkefni eða kannanir liggja til grundvallar ákveðin hæfniviðmið. Þau eru síðan metin jafnóðum og verkefnum lýkur.

Nemendur og foreldrar hafa alltaf aðgang að matinu og mikilvægt er að fylgjast vel með námsmati inni í Mentor. Námsmatið er lifandi og er að breytast reglulega yfir skólaárið og á að vera leiðbeinandi þannig að nemendur og foreldrar viti hvað þarf að leggja áherslu á á hverjum tíma til að ná ákveðnum hæfniviðmiðum.

Lokamat er tekið saman við lok skólaár. Nemendur í 7. bekk fá samanlagða hæfnieinkunn í hverri námsgrein í bókstöfum; A, B+, B, C+, C og D.

### Viðmiðunarstundaskrá

Ætlast er til þess að nemendur fái ákveðið margar kennslustundir á viku í hverju fagi. Hér að neðan er áætlaður tímafjöldi í hverju fagi fyrir sig í 7. bekk:

Íslenska	6
Stærðfræði	5
Enska	3
Danska	3
Náttúrufræði	3
Trúarbragðafræðsla	1
Samfélagsfræði	3
Lífsleikni	1
Leiklist	1
Íþróttir/Sund	3
Textílmennt/Smíði	2
Heimilisfræði/Myndmennt	2
Upplýsingatækni	1
Dans	1
	<b>35</b>

# Íslenska

## Ágúst Ólason

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Börn hefja skólagöngu talandi á móðurmáli sínu, hvort sem um er að ræða á íslensku, íslensku táknmáli eða öðru tungumáli. Skólinn verður í upphafi virkur þátttakandi í máluppeldi barnsins ásamt heimili þess.

Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin.

Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í 4 flokka, talað mál, hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði. Þessir flokkar eru ekki einangraðar deildir íslenskukennslunnar heldur hlutar af samofinni heild. Þar getur hver haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

Hugtök			
Stafsetning	Lestur/bókmenntir	Ritun	Málfræði
Stór/lítill stafur	Boðskapur	Punktur	Orðtök
Ng/nk reglan	Myndasögur	Komma	Málshættir
-n/-nn reglan	Þjóðsögur	Forsíða	Sérnöfn/samnöfn
Tvöfaldur samhljóði	Ævintýri	Baksíða	Samheiti/andheiti
Y/ý/ey	Goðsögur	Efnisyfirlit	Nafnorð
Stofn orða	Ævisögur	Efnisgrein	Greinir
	Söguþráður	Spurningamerki	Lýsingarorð
	Sögupersóna	Heimildir	Sagnorð
	Höfundur	Bein ræða	Kyn
	Sögusvið	Óbein ræða	Tala
	Tími	Gæsalappir	Fall
	Umhverfi		Nútið
	Vísur		Þátíð
	Ljóð		Nafnháttur
	Pulur		Kennimyndir
	Blaðagreinar		Stofn orða
	Líkingar		Skammstafanir
	Myndmál		Kenniföll
	Rím		Fornöfn
	Ljóðstafir		Hjálparsagnir
	Ljóðlína		Veikar/sterkar sagnir
	Hrynjandi		
	Andstæður		
	Endurtekningar		
	Tákn		

# Íslenska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Málrækt 3.</li> <li>- Skrudda.</li> <li>- Málið er miðill.</li> <li>- Orðabækur.</li> <li>- Ljóðabækur.</li> <li>- Lestrarbækur/sögubækur.</li> <li>- Orðspor 2-3.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</li> <li>- Hlusti á upplestur af ýmsum toga með athygli og skilningi.</li> <li>- Geti lesið og sungið texta af ýmsum gerðum.</li> <li>- Taki þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.</li> <li>- Geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda.</li> <li>- Geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Innlögn.</li> <li>- Útlistunarkennsla.</li> <li>- Þjálfunaræfingar.</li> <li>- Umræðu- og spurnaraðferðir.</li> <li>- Prautalausnir.</li> <li>- Hópvinna.</li> <li>- Skapandi vinna.</li> </ul>
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Söguskinna.</li> <li>- Töfraskinna.</li> <li>- Annað itarefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tileinki sér jákvætt viðhorf til lestrar og valið sér fjölbreytt lesefni.</li> <li>- Lesi texta við hæfi sér til gagns og gamans og túlki hann.</li> <li>- Noti þekkingu og reynslu við skilning á texta og greini aðalatriði.</li> <li>- Efli orðaforða sinn til að auka lestrarhraða, lesskilning og málskilning.</li> <li>- Lesi vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum.</li> <li>- Geti beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða s.s. rím, ljóðstafi, hrynjanda, líkingar og boðskap.</li> <li>- Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá).</li> <li>- Kynnist bókmenntalegum hugtökum, s.s. tíma, sjónarhorni, söguviði og boðskap.</li> <li>- Lesi úr skýringarmyndum, kortum og myndritum og túlki þær.</li> <li>- Afli sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum.</li> <li>- Geti nýtt sér uppbyggingu bóka s.s. efnisyfirlit og atriðaorðaskrá.</li> </ul>	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti skrifað læsilega.</li> <li>- Geti beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu og gengið frá texta.</li> <li>- Geti notað orðabækur.</li> <li>- Geti valið textategund, skipulagt og orðað texta s.s. sögur, frásagnir og fyrimæli.</li> <li>- Geti samið og skrifað fjölbreytta texta með ýmsum stílbrögðum.</li> <li>- Búi til sögu/myndasögu með atburðarás.</li> <li>- Þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta með áherslu m.a. á setningu, málsgrein og efnisgrein.</li> <li>- Geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</li> <li>- Kynnist skráningu og vísun til heimilda.</li> </ul>	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti gert sér grein fyrir eigin máli og gildi þess að bæta það.</li> <li>- Geti notað orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér málfræðikunnáttu við tal og ritun.</li> <li>- Átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð.</li> <li>- Nýti sér kunnáttu og færni til að fletta upp í orðabókum og gagnabrunnum.</li> <li>- Beiti málfræðihugtökum til að ræða um málið.</li> </ul>	
Matsþættir	Námsmat er hæfnimiðað símat sem felst í mati á vinnuframlagi nemenda, könnunum og verkefnavinnu.		

# Stærðfræði

Ágúst Ólason

Stærðfræðin er allt í kringum okkur og þáttur hennar birtist meðal annars í þörf mannsins fyrir að leysa þau verkefni sem upp koma hverju sinni og í þörf mannsins fyrir vitsmunalega ögrun, að leita lausna og finna hið óþekkt. Stærðfræði er svo samofin menningu og þjóðfélagsháttum að lágmarkskunnátta í henni er hverjum manni nauðsynleg til að takast á við daglegt líf og störf og skilja umheiminn. Hlutverk hennar er að lýsa og skýra viðfangsefni, túlka gögn og segja fyrir um framvindu. Hún tengist náið tilraunum manna til að skilja heiminn en sýnir einnig mörg dæmi um frjálsa sköpunargáfu mannsins og hæfileika hans til að skapa nýjar hugmyndir.

Stærðfræðin hefur ævinlega haldist í hendur við náttúruvísindin og verið undirstaða framfara í tækni. Hún er einnig undirstaða margra greina hugvísinda og gagnleg stoðgrein félagsvísinda og málfræði. Hún hefur komið við sögu lista, bæði tónlistar, byggingarlistar og myndlistar. Þeir sem ætla að starfa við vísindi þar sem stærðfræði er nýtt og miðla þeim eða hagnýta þau í sérhæfðum störfum verða að fá tækifæri til að kynnast stærðfræðinni á unga aldri og fá góðan tíma til að tileinka sér þá kunnáttu og færni sem þarf til að ná valdi á henni. Traust undirstaða í stærðfræði í grunnskóla er ómetanlegur grundvöllur undir allt nám tengt náttúru- og raunvísindum á síðari skólastigum.

Hugtök				
Tölur og Algebra	Tölfræði og líkindi	Rúmfræði og mælingar	Algebra	Tími
Almenn brot	Gögn	Metrakerfið	Jafna	Klukkutími
Teljari	Myndrit	Mælikvarði	Óþekkt stærð	Kortir
Nefnari	Súlurit	Tvívið form	Andhverfa	Stundarfjórðungur
Lengja brot	Línurit	Þrívið form		Hálftími
Stytta brot	Tíðasta gildi	Fermetri		Mínúta
Samnefnari	Tíðnitafla	Flatarmál		
Aukastafur	Miðgildi	Ummál		
Ganga upp í	Líkur á/líkindi	Rúmmál		
Grunnmengi	Meðaltal	Gleitt/hvasst		
Frumtala		Hornrétt		
Samsett tala		Topp horn		
Jákvæð tala		Grannhorn		
Pósítíf tala		Hornrétt		
Neikvæð tala		Hornasumma		
Negatíf tala		Hliðarflötur		
Náttúrulegar tölur		Hliðarbrún		
Tíundi hluti		Grunnflötur		
Hundraðs hluti		Lína		
Þúsundasti hluti		Strik		
Prósenta		Samsíða		
		Fjarvídd		
		Kúrva		
		Gráður		
		Hliðrun		
		Speglun		
		Snúningur		
		Hnitakerfi		
		Stækkun		
		Minnkun		
		Ásar (x og y ás)		
		Geisli (radíus)		
		Þvermál		



## Stærðfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Tölur og Reikniaðgerðir	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Stika 3a og 3b nemendabók og æfingahefti.</li> <li>- Ítarefni.</li> <li>- Þemahefti.</li> <li>- Vasareikningshefti.</li> <li>- Stærðfræðinámsvefir.</li> <li>- Stærðfræðispil.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti leyst flóknari samlagningar- og frádráttardæmi, t.d. tugabrot.</li> <li>- Sýnir gott vald á margföldun.</li> <li>- Geti leyst margföldunar- og deilingardæmi með tugabrotum.</li> <li>- Geti nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.</li> <li>- Þekki negatífar tölur og geti unnið með þær.</li> <li>- Þekki sætiskerfið frá milljón og niður í þúsundustu hluta.</li> <li>- Geti námundað að heilli tölu, tíunda hluta og hundradshluta.</li> <li>- Þekkir til frumtalna og samsettra talna.</li> <li>- Þekki forgangs röðun reikniaðgerða.</li> <li>- Geti skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið á milli tugabrota, almennra brota og prósentu.</li> <li>- Geti reiknað með almennum brotum.</li> <li>- Geti reiknað með tugabrotum.</li> <li>- Geti reiknað með prósentum.</li> <li>- Geti notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.</li> <li>- Geti unnið einn og í samvinnu við aðra að því að finna lausnir á viðfangsefnum sem tengjast samfélagi og umhverfi með fjölbreyttum aðferðum.</li> <li>- Geti notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Nemendur vinna eftir einstaklingsmiðuðum áætlunum.</li> <li>- Kennsluaðferðir byggjast á innlögn.</li> <li>- Útlistunarkennslu.</li> <li>- Þjálfunaræfingum.</li> <li>- Hópvinnu.</li> <li>- Þrautavinnu.</li> <li>- Umræðum.</li> <li>- Stærðfræðileikjum</li> <li>- Stærðfræðispilum.</li> <li>- Reynt er að vinna með hugtök á sem áþreifanlegasta hátt.</li> </ul>
Tölfræði og líkindi		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti safnað og unnið úr gögnum.</li> <li>- Geti fundið út miðgildi, tíðasta gildi og meðaltal.</li> <li>- Geti reiknað út einfaldar líkur.</li> <li>- Geti lesið úr tíðnitöflu, unnið með mismunandi myndrit, s.s. súlurit, stöplarit, línurit og skifurit.</li> </ul>	
Rúmfræði og mælingar		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki einkenni og heiti tvívíðra og þrívíðra forma og geti unnið með þau.</li> <li>- Þekki og geti reiknað geisla og þvermál hrings.</li> <li>- Geti teiknað hring með hringfara.</li> <li>- Geti hliðra, speglað og snúið myndum.</li> <li>- Geti staðsett punkt í hnitakerfi.</li> <li>- Þekki topphorn og grannhorn.</li> <li>- Geti reiknað út horn, með og án gráðuboga.</li> <li>- Geti reiknað ummál, flatarmál, rúmmál og yfirborðsflatarmál.</li> <li>- Geti breytt á milli mælieininga.</li> <li>- Geti áætlað og mælt tíma, hraða og vegalengd með hlutfallareikningi.</li> <li>- Geti reiknað á milli tímaeininga, klukkustunda, mínútna og sekúndna.</li> </ul>	
Algebra		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti rannsakað mynstur og fundið lausnir með óformlegum aðferðum og notað reglur algebrunnar við reikning.</li> <li>- Geti notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.</li> <li>- Geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir.</li> </ul>	
Matsþættir	<p style="text-align: center;">Starfseinkunn byggist á kaflaprófum úr Stiku, vinnubrögðum, vinnusemi og hegðun. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p>		

# Náttúrugreinar

Ágúst Ólason

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða.

Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Nemendur þurfa að átta sig annars vegar á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli og sköpun og hins vegar, að vísindaleg þekking er aldrei algild, endanleg eða óyggjandi. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum en jafnframt að treysta á forvitni sína, til að þetta takist.

Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

## Hugtök

Að búa á jörðinni	Lífsskilyrði manna	Náttúra Íslands	Heilbrigði umhverfisins	Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu
Veður	Umhverfisvernd	Plöntur/dýr	Auðlindir	Seglar
Loftslag	Vatn H <sub>2</sub> O	Nærumhverfi	Jafnvægi/nýting	Rafmagn
Sjálfbærni	Grunnvatn	Fæðupýramídi	Hringrásir efna /vatns	Bylgjur hljóð /bylgjur
Landnotkun	Loftslagsbreytingar	Vistkerfi	Ljóstíllifun	Frumkvöðlar
Yfirborð jarðar	Búseta	Frumframleiðendur	Flokkun úrgangs	Nýsköpun /tækni
Ytri og innri öfl	Faraldrar	Neytendur	Vélar	Fæðuflokkar
Veðrun	Bólusetningar	Sundrendur	Kraftar	Næringargildi fæðu
Flóð/fjara	Líffærakerfi	Fæðuvefur	Endurnýting	Íslensk framleiðsla
Sólkerfið	Samspil lífvera	Fæðukeðja	Endurvinnsla	Efnatákn (lotukerfið)
Sólargangur	Næringarfræði	Einkenni lífvera	Endurnotkun	Vísindalegar aðferðir
Himingeimurinn	Næring/orka	Einfrumungur	Sýklalyfjaónæmi	Áhrif efna á umhverfi og heilsu.
	Heilbrigði	Fjölfurumungur	Varmi	Rúmmál
	Kynþroski	Þróun lífvera	Efnabreytingar	Rafmagn
	Kynhneigð	Aðlögun lífvera	Hamskipti	
	Kynheilbrigði	Atferli/hæfni	Náttúrulegir ferlar	
	Sjálfsmynd	Íslensk orka		
	Átraskanir	Náttúrhamfarir		
		Viðbragðsáætlanir		
		Fjöldarhjálpastöð		
		Almannavarnir		
		Gera grein fyrir athugunum		

## Náttúrugreinar

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Lífsskilyrði manna	- Auðvitað, heimilið. - Maðurinn, hugur og heilsa.	- Geti útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu. - Geti lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna. - Geti lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra.	- Lestur. - Umræður. - Tilraunir. - Vinnubókarvinna. - Paravinna, hópavinna og einstaklingsvinna. - Foreldrakynning.
Náttúra Íslands	- Íslenskir fuglar. - Líf á landi.	- Geti lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi. - Geti lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt. - Geti lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland. - Geti útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér. - Geti lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd. - Geti útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.	
Heilbrigði umhverfisins		- Geri grein fyrir notkun manna á auðlindum. - Dragi ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs. - Útskýri þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita. - Geri grein fyrir og nefni dæmi um efnabreytingar og hamskipti.	
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.		- Geti bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi. - Geti lýst áhrifum tækni á íslenskrar atvinnugreinar. - Geti lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra.	
Matsþættir	Starfseinnkunn byggist á nokkrum kaflaprófum, vinnubrögðum, vinnusemi og hegðun. Námsframvinna og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

# Samfélagsgreinar

Ágúst Ólason

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um manninn, samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær greina einingar samfélags og umhverfis frá hinum minnstu (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hinna stærstu (þjóða, heims, vistkerfa).

Samfélagsgreinar spanna fjölbættar námsgreinar eins og sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Þær byggja einnig á þekkingu úr öðrum fræðigreinum félags-, mann- og hugvísinda. Hver fræðigrein innan samfélagsgreinanna gegnir ákveðnu hlutverki, til þess að gildi og markmið greinanna náist í heild.

Hlutverk samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig í mannlegu samfélagi og búa hann undir frekara nám og starf. Samfélagsgreinar deila viðfangsefnum sínum, gildum og markmiðum með ýmsum öðrum námsgreinum og námssviðum. Sérstaða þeirra felst í því hvernig þær ljá nemendum mikilvæg verkfæri til þess að þróa skilning sinn á sjálfum sér, öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir hrærast í.

Samfélagsgreinar eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og efla skilning þeirra á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, með því að útskýra hvernig þessi gæði leiða til margvíslegra skyldna, réttinda og gilda, sem órofa hluti af félagslegum og siðferðilegum veruleika okkar.

## Samfélagsgreinar

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Reynsluheimur	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Evrópa.</li> <li>- Trúarbragða-vefurinn.</li> <li>- Ítarefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum s.s. kærleika, félagslegu réttlæti og umhyggju.</li> <li>- Geti aflað og metið hagnýtar upplýsingar í margvíslegum gögnum og miðlum.</li> <li>- Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur sögunnar.</li> <li>- Borið saman valin trúar og lífsviðhorf og geti lýst margbreytileika þeirra.</li> <li>- Geti skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.</li> <li>- Sýnt fram á skilning á eigin neyslu og sé læs á áhrif auglýsinga og áreitis.</li> <li>- Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun.</li> <li>- Geti fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.</li> <li>- Geti notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.</li> <li>- Geti rætt á upplýstan hátt um atburði og persónur í þjóðfélagsumræðu.</li> <li>- Gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins.</li> <li>- Þekki landamæri Evrópu og helstu sérkenni s.s stærstu lönd og höfuðborgir.</li> <li>- Geri sér grein fyrir tengslum Íslands og annarra Evrópulanda.</li> <li>- Kynnist auðlindum landa Evrópu.</li> <li>- Kynnist samvinnu í Evrópu og samtökum sem að þeim standa.</li> <li>- Geti lesið landakort sér til gagns.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lestur.</li> <li>- Umræður.</li> <li>- Vinnubókarvinna.</li> <li>- Einstaklingsvinna.</li> <li>- Paravinna.</li> <li>- Hópavinna.</li> <li>- Foreldrakynning.</li> </ul>
Hugarheimur		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki mikilvæg gildi s.s. kærleika, umhyggju, tillitsemi og félagslegt réttlæti.</li> <li>- Geti lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats.</li> <li>- Geti áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.</li> <li>- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum.</li> <li>- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda.</li> <li>- Geti lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</li> <li>- Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.</li> <li>- Geti sett sér markmið og gert áætlanir.</li> </ul>	
Félagsheimur		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</li> <li>- Geti borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</li> <li>- Geti brugðist við ólíkum skoðunum á fordæmalausán hátt.</li> <li>- Geti tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu s.s. um réttindi og skyldur.</li> <li>- Geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</li> <li>- Geti sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</li> <li>- Geti rætt samskiptareglur.</li> </ul>	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

# Enska

## Lára Hrund Bjargardóttir

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaproska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum mönnum og öðrum lífnaðarháttum en þeirra eigin og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Samvinna milli landa og heimsálfa eykst stöðugt á öllum sviðum og er mikilvægt að nemendur séu undir slíkt búnir í sínu námi. Kunnátta í ensku er mikilvægur lykill að fræðslu, námi og atvinnutækifærum. Fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga, sem eiga mál sem hvergi er þjóðtunga nema á Íslandi, skiptir kunnátta í ensku mjög miklu máli. Íslendingum er því nauðsynlegt að geta sótt nýja þekkingu til annarra þjóða samhliða því að koma eigin þekkingu á framfæri.

Við skipulagningu enskukennslu skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár. Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt. Mikla áherslu þarf því að leggja á málnotkun. Nemendur þurfa að ná tökum á færni og kunnáttu sem gerir þeim kleift að skilja málið eins og það er notað við raunverulegar aðstæður. Þeir þurfa sjálfir að geta talað málið og skrifað og kunna skil á reglum þess. Jafnframt þurfa þeir að öðlast innsýn í menningu sem bundin er tungumálinu sem um ræðir. Mikilvægt er að nemendur verði meðvitaðir um hvernig þeir geta sjálfir styrkt og bætt kunnáttu sína.

Forsendur nemenda við upphaf málanáms eru ólíkar. Námsefni og kennsluhættir verða að vera sveigjanlegir til að hver og einn geti lært út frá sínum forsendum. Mikilvægt er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málanámsins, að máltilfinning þeirra sé örvuð og að þeir geti notað kunnáttu sína sér til gagns og ánægju. Með því er lagður traustur grunnur að farsælu málanámi.

# Enska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Action, lesbók og vinnubók.</li> <li>- Málfræði-æfingabók C.</li> <li>- Frjálslestrarbækur.</li> <li>- Ýmis hefti frá kennara.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti notað ensku til samskipta innan kennslustofu.</li> <li>- Skilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með.</li> <li>- Geti hlustað eftir aðalatriðum.</li> <li>- Geti hlustað eftir nákvæmnisatriðum.</li> <li>- Geti tengt saman upplýsingar sem hann heyrir og sjónrænar upplýsingar (t.d. ótextað myndefni).</li> <li>- Skilji efni sem tengist eigin menningu og umhverfi.</li> <li>- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lesbækur.</li> <li>- Vinnubækur.</li> <li>- Frjálslestrarbækur.</li> <li>- Internetið.</li> <li>- Kennsluforrit.</li> <li>- Hópverkefni.</li> <li>- Einstaklingsverkefni.</li> </ul>
Lestur		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti lesið einfaldar smásögur.</li> <li>- Geti lesið stuttar skáldsögur.</li> <li>- Geti lesið fræðsluefni og frásagnir um margvíslegt efni ætlað börnum.</li> <li>- Geti leitað að upplýsingum í texta í bók eða á tölvutæku formi.</li> <li>- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða.</li> <li>- Geti lesið efni sem tengist lífi jafnaldra í enskumælandi landi.</li> </ul>	
Talað mál		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti tekið þátt í samskiptum innan kennslustofunnar, við kennara, við bekkjarfélaga, í samtalsæfingum, þ.m.t. geti notað umorðun, hik og þagnir í samtölum.</li> <li>- Geti sagt á skýran og skipulegan hátt frá viðfangsefni í námi, undirbúið eða óundirbúið.</li> <li>- Sé fær um að beita nokkuð markvisst þeim orðaforða sem hann hefur unnið með.</li> <li>- Geti sagt frá völdum atriðum úr umhverfinu og úr íslenskri menningu.</li> <li>- Hafi vald á skýrum framburði svo að ekki valdi misskilningi.</li> <li>- Kunni að beita nútíð algengra sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum, greini.</li> </ul>	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfellda texta eftir fyrirmyndum, dagbókarbrot, frásagnir, texta við myndir, veggspjöld o.s.frv.</li> <li>- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða.</li> <li>- Þjálfist í rétttri stafsetningu algengra orða sem unnið hefur verið með.</li> </ul>	
Matsþættir	Kaflapróf, verkefnavinna, mat á vinnu og vinnubókum sem gildir til starfseinkunnar. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

# Danska

Anna Júlíusdóttir

Danska er kennd vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu. Menningararfurinn er sameiginlegur og tungumálin eru af sömu rót sprottin. Samfélagsgerð þjóðanna byggir á sömu gildum og grundvallast á lýðræði, samvinnu og jafnrétti. Ímynd Norðurlandanna er sterk á alþjóðavettvangi og með það í huga er norræn samvinna mikilvæg til að styrkja samnorræna ímynd og samkennd.

Tilgangurinn með dönskukennslu á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum.



## Danska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Start.</li> <li>- Start vinnubók.</li> <li>- Líttlestrarbækur.</li> <li>- Verkefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skilji einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.</li> <li>- Skilji mál sem notað er í kennslustofunni og bregðist við með orðum eða athöfnum.</li> <li>- Fylgi meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og noti sér upplýsingarnar í eigin verkefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Bein kennsla.</li> <li>- Leitarnám.</li> <li>- Umræður.</li> <li>- Hlustun.</li> </ul>
Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Kvikmyndir.</li> <li>- Tónlist.</li> <li>- Ítarefni.</li> <li>- Smart.</li> <li>- Smart vinnubók.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lesi og skilji stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.</li> <li>- Lesi sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn - og unglinga ef við á - og ræði efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.</li> </ul>	
Samskipti		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Haldi uppi einföldum samræðum með stuðningi.</li> <li>- Taki þátt í samskiptaleikjum og vinni samtalsæfingar.</li> </ul>	
Frásögn		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Segi frá eða lýsi sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.</li> <li>- Flytji atriði, segi stutta sögu eða lesi upp texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.</li> </ul>	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lýsi í einföldu máli fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.</li> <li>- Skrifi einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.</li> </ul>	
Menningarläsi		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýni fram á kunnáttu á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og átti sig á hvað er líkt eða ólíkt í eigin menningu.</li> <li>- Sýni fram á þekkingu á ytri umgjörð menningarsvæðis, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekkra staða.</li> <li>- Sýni fram á þekkingu á að algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum þekktum orðum.</li> </ul>	
Námshæfni		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Setji sér einföld markmið og leggi mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf.</li> <li>- Beiti einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið.</li> <li>- Beiti sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.</li> <li>- Tengir ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.</li> <li>- Nýti sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.</li> </ul>	
Matsþættir	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <p>Námsmatsverkefni og próf úr námsefni.</p> <p>Samvinna - Sjálfstæði í vinnubrögðum - áhugi, ástundun og viðleitni metið jafnóðum við alla vinnu.</p>		

# Íþróttir

Ingibjörg Steinunn Sæmundsdóttir

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

Í 5. til 7. bekk er aukin áhersla á heilsuuppeldi, líkamsvitund og upplifun nemandans á umhverfi sínu. Samhliða verklegri kennslu skal á markvissan hátt auka þekkingu nemenda á gildi hreyfingar til heilsuræktar. Einnig er lögð áhersla á leiknimiðuð markmið af ýmsum toga svo sem leikfimi, boltafærni, köstum eða stökkum. Lögð er áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og samhæfir. Fjölbreyttar íþróttagreinar og leikir eru góð leið til að ná þessum markmiðum. Í skólasundi skal leggja megináherslu á leikniþætti og kennslu allra sundaðferða og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og gera nemendur þar með vel sundfæra. Aukin áhersla ætti einnig að vera á notkun vatnsins til heilsueflingar með margvíslegum æfingum bæði á sundi og við fjölbreyttar styrkjandi æfingar í vatninu þar sem það er notað sem mótstaða.

## Íþróttir

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Taki þátt í umræðu um mikilvægi hreyfingar, markvissa þjálfun, þekki reglur hvernar íþróttagreinar og tileinki sér rétta tækni við vöðvateygjur.</li> <li>- Þekki áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi og mikilvægi hvíldar (virk og óvirk hvíld) fyrir líkama og sál.</li> <li>- Tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð varðandi hreyfingu og skólaíþróttir.</li> <li>- Nýti sér helstu grunnþætti hvernar íþróttagreinar.</li> <li>- Viti af hverju stöðluð próf eru tekin og hvað þau mæla.</li> <li>- Leggi sig fram og taki þátt í þeim æfingum, leikjum og íþróttagreinum.</li> <li>- Taki þátt í stöðluðum mælingum til að meta eigin líkamshreysti eins og þol, styrk, hraða, samhæfingu og liðleika.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Stöðvahringir.</li> <li>- Hringþjálfun.</li> <li>- Leikir.</li> <li>- Umræður.</li> <li>- Útikennsla.</li> </ul>
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki hvar er hægt að stunda íþróttir og hvað íþróttafélög eru að bjóða upp á.</li> <li>- Læri að nota umhverfið og náttúruna sem stað fyrir mismunandi hreyfingu.</li> <li>- Læri helsta orðaforða íþróttar og sérkenni einstakra íþróttagreina.</li> <li>- Nái valdi á undirstöðuatriðum ólíkra íþróttagreina.</li> <li>- Þjálfist í samsettum hreyfingum eins og í leikjum sem efla hreyfipörf og samspil skynjunar.</li> <li>- Þjálfist í efnisþáttum námsmats.</li> <li>- Fá aukna þjálfun í samhæfingu hreyfinga og tenginu þeirra í eina heild sem eflir hreyfipörf og samspil skynjunar og jákvæðar upplifunar.</li> </ul>	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Öðlist reynslu af þátttöku í æfingum, útivist og leikjum sem efla sjálfsmynd, viljastyrk og áræði.</li> <li>- Þekki hugtök sem tengjast samskiptum s.s. tillitssemi, virðingu og umburðarlyndi.</li> <li>- Þjálfist í hæfni mismunandi íþróttagreina og leikja.</li> <li>- Taki þátt í æfingum og leikjum sem efla samvinnu og samskipti þar sem veita þarf félaga eða félögum stuðning.</li> <li>- Fáí hvatningu til að ná tókum á krefjandi viðfangsefnum.</li> <li>- Þjálfist í verkefnum þar sem reynir á virðingu, umburðarlyndi og þolinmæði.</li> <li>- Upplifi á jákvæðan hátt ástundun íþróttar, æfinga og leikja.</li> <li>- Fáí tækifæri til að upplifa ánægju að eigin framförum.</li> <li>- Sé fær um að leysa úr ágreiningsmálum sem koma upp á jákvæðan hátt.</li> <li>- Tileinki sér háttvísi í leik og starfi, læri að taka sigri og ósigri í keppni og fari eftir reglum.</li> </ul>	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Fari eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttamannvirkjum og íþróttahúsum.</li> <li>- Geti sagt frá hvað gera eigi ef slys ber að höndum og brugðist við fyrirmælum kennara/starfsmanna.</li> <li>- Fáí fræðslu um heilbrigðan lífsstíl og hreinlæti.</li> <li>- Beri virðingu fyrir eigum annarra.</li> </ul>	
Matsþættir		<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Undirhandaruppgjöf í blaki yfir net.</li> <li>- Móttaka á blakbolta (fingurslag eða fleygur yfir net).</li> <li>- Fimleikasamsetning – langur kollhnís, handahlaup. <ul style="list-style-type: none"> <li>- Klifra upp kaðal 4m.</li> <li>- Langstökk án átrennu. <ul style="list-style-type: none"> <li>- Liðleikapróf.</li> <li>- 1000 m hlaup.</li> <li>- 60 m spretthlaup.</li> <li>- Uppstökk.</li> </ul> </li> </ul> </li> </ul>	

## Sund

Ingibjörg Steinunn Sæmundsdóttir

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmýnd hvers einstaklings.

Í skólasundi skal leggja megináherslu á leikniþætti og kennslu allra sundaðferða og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og gera nemendur þar með vel sundfæra. Aukin áhersla ætti einnig að vera á notkun vatnsins til heilsueflingar með margvíslegum æfingum bæði á sundi og við fjölbreyttar styrkjandi æfingar í vatninu þar sem það er notað sem mótstaða.

## Sund

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skilji helstu markmið æfinga og leikja í sund.</li> <li>- Tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð.</li> <li>- Öðlist reynslu af að taka stöðluð próf til að meta eigin sundfærni eins og þol, hraða, sundhæfni.</li> <li>- Taki þátt í leikjum sem efla líkamspól, kraft, hraða, viðbragð, samhæfingu og nýtni sundtaka.</li> <li>- Taki þátt í ýmsum samvinnuverkefnum á sviði sundíprótta eins og boltaleikjum, boðsundsleikjum og sundknattleikjum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Stöðvahringir.</li> <li>- Hringþjálfun.</li> <li>- Leikir.</li> <li>- Umræður.</li> <li>- Útikennsla.</li> </ul>
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki hvar er hægt að stunda sundípróttir og hvaða ípróttafélög eru að bjóða upp á sundþjálfun.</li> <li>- Framkvæmi stöðluð sund- og afkastagetupróf.</li> <li>- Nái valdi á undirstöðuatriðum ólíkra sundgreina eins og bringusund, skriðsund og skólabakstund.</li> <li>- Þjálfist í fjölbreyttum verkefnum í vatni eins og stöðvaþjálfun, leikjum, sundleikfimi og sundknattleik.</li> <li>- Fáir stigvaxandi þjálfun í samhæfingu hreyfinga og tenginu þeirra hreyfiþörf, þrek og upplifun.</li> <li>- Taki þátt í æfingum sem efla kraft, hraða, viðbragð, samhæfingu og nýtni sundtaka.</li> </ul>	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki hugtök sem tengjast samskiptum s.s. tillitssemi, virðingu og umburðarlyndi.</li> <li>- Taki þátt í æfingum og leikjum sem efla sjálfsmýnd, viljastyrk og áráði.</li> <li>- Virði réttindi allra til að taka þátt á eigin forsendum.</li> <li>- Leysi úr ágreiningsmálum sem upp koma á jákvæðan hátt.</li> <li>- Tileinki sér háttvísi í leik og starfi.</li> <li>- Læri að taka sigri og ósigri í keppni og fara eftir reglum.</li> <li>- Fáir þjálfun í fjölbreyttum samvinnuverkefnum eins og hópleikjum, bolta- og boðsundsleikjum.</li> <li>- Leysi verkefni sem reyna á virðingu, umburðarlyndi og þolinmæði.</li> <li>- Iðki sund og taki þátt í leikjum og hreyfingu eftir eigin áhuga.</li> </ul>	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Öðlist skilning á hættum sem leynast í og við vatn og sundlaugar.</li> <li>- Fáir þjálfun í að bjarga sér í vatni á mismunandi hátt eins og með björgunarsundi, marvaða og köfun.</li> <li>- Fáir fræðslu um heilbrigðan lífsstíl og hreinlæti.</li> <li>- Geti sagt frá hvað gera eigi ef slys ber að höndum.</li> <li>- Fari eftir reglum sem snúa að umgengi á sundsvæði og sundlaugum.</li> </ul>	
Matsþættir		<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Bringusund 300 m á innan við 10 mín</li> <li>- Skriðsund 25 m á innan við 32,0 sek</li> <li>- Bringusund 50 m á innan við 74,0 sek <ul style="list-style-type: none"> <li>- Bringusund 25 m – stílsund</li> <li>- Skólabaksund 25 m – stílsund</li> <li>- Baksund 25 m – stílsund</li> <li>- Stunga af bakka</li> <li>- 8 m kafsund</li> </ul> </li> <li>- Synda 15 björgunarsund með jafningja</li> </ul>	

## Hönnun og smíði

Torfi Hjörvar Björnsson

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf. Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunaraflí sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verklegri færni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfu hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju.

Markmið verkgreina hefur bæði verið að undirbúa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska nemenda. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur bæði skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu.

Kennsla verkgreina eru liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og eru einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann á markvissan hátt þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfu fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

## Hönnun og smíði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Handverk	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Ýmsar handbækur og blöð.</li> <li>- Vefsíður.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýni frumkvæði og vinnusemi.</li> <li>- Geti framkvæmt einfaldar aðgerðir s.s. skrúfa, negla og líma.</li> <li>- Sýni góða nýtingu efna.</li> <li>- Geti hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa.</li> <li>- Skili vönduðu verkefni.</li> <li>- Geti útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp einfalda málsetta vinnuteikningu.</li> <li>- Geti lesið einfalda teikningu og unnið eftir henni.</li> <li>- Þekki mælitæki og geti notað þau á réttan hátt, s.s. tommustokk, málband og vinkil.</li> <li>- Sýni góða hegðun og umgengni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnikennsla í hóp.</li> <li>- Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu.</li> <li>- Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.</li> </ul>
Matsþættir	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Verkefni metin að verki loknu.</p>		

# Textílmennt

Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.



## Textílmennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Textíl	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Á þrjónunum.</li> <li>- Hannyrðir í 3.-6.bekk.</li> <li>- Ýmsar handbækur og blöð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þjálfist í meðferð á saumavélum.</li> <li>- Geti þrætt tvinna á saumavél.</li> <li>- Öðlist færni í að sníða úr textílefnum.</li> <li>- Þekki mismunandi efni.</li> <li>- Þekki áhöld tengd sníðavinnu.</li> <li>- Geti notað hugtök og heiti textílgreinarinnar.</li> <li>- Geti skrifað og unnið með verlýsingar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnikennsla í hóp.</li> <li>- Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu.</li> <li>- Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.</li> </ul>
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Verkefni metin að verki loknu.		

# Heimilisfræði

Emma Katrín Garðarsdóttir

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilistörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast. Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) um mataræði og næringu eru hafðar til hliðsjónar við kennslu í heimilisfræði.

## Heimilisfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Gott og gagnlegt 3.</li> <li>- Ítarefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Læri um hlutverk orkuefna og í hvaða matvælum þau eru helst að finna.</li> <li>- Efli meðvitund um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.</li> <li>- Fái fræðslu um aðalatriði næringarfræðinnar.</li> <li>- Geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.</li> <li>- Geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verklegar æfingar.</li> <li>- Sýnikennsla.</li> <li>- Lesið.</li> <li>- Spurt og spjallað.</li> <li>- Einstaklingsvinna.</li> <li>- HópaVinna.</li> <li>- Paravinna.</li> <li>- Bókleg kennsla.</li> </ul>
Matur og vinnubrögð		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.</li> <li>- Efli samvinnu og samábyrgð.</li> <li>- Geti greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.</li> <li>- Geti nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga.</li> </ul>	
Matur og umhverfi		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynnist umhverfisvernd og læri að flokka sorp til endurvinnslu.</li> <li>- Skilji einfaldar umbúðamerkingar og viti hvernig er best að geyma matvæli.</li> <li>- Fræðist um uppruna helstu matvæla.</li> </ul>	
Matur og menning		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Fræðist um ólíka siði og venjur og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.</li> <li>- Temji sér að bragða með jákvæðu hugarfari á þeim matvælum sem unnið er með.</li> </ul>	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

# Upplýsinga- og tæknimennt

Magnþóra Kristjánsdóttir

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemendur verða þannig læsir á texta, myndir og töluleg gögn, ná góðri tæknifærni, fingrasetningu og hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis.

Kennslan fer að mestu fram í tölvuveri og styður þessa þætti og gegnir því lykilhlutverki við að efla tæknilæsi, stuðla að fjölbreytni í kennsluháttum. Nemendur fá þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum, læra að afla sér þekkingar, vega hana og meta, skapa nýja, umbreyta og miðla henni á fjölbreyttan hátt. Nemendur eiga möguleika á þverfaglegri samvinnu kennara og fagfólks á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.

Hæfniviðmið eru sett fram í fimm flokkum sem mikilvægt er að líta á sem eina heild. Skilgreining hæfniviðmiða er: Vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun og siðferði og öryggismál.

## Upplýsinga- og tæknimennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Vinnulag og vinnubrögð.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Ritvinnsluforrit.</li> <li>- Myndbreytiforrit.</li> <li>- Töflugerðarforrit.</li> <li>- Kerfisvafri.</li> <li>- Umbrotsforrit.</li> <li>- Glærugerðarforrit.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geymi upplýsingar og skjöl á tölvutæku formi með skipulögðum hætti.</li> <li>- Vinni sjálfstætt og á gagnrýninn hátt við að afla upplýsinga af neti og vinna úr þeim.</li> <li>- Sitji rétt við tölvu þegar unnið er á lyklaborð.</li> <li>- Noti rétta fingrasetningu og tileinki sér blindskrift.</li> </ul>	<p>Hver og einn vinnur að sínu verkefni. Nemendur eru þó hvattir til að hjálpast að. Verkefnin taka yfirleitt eina kennslustund en þó eru þar undantekningar - verkefni geta spannað nokkrar vikur. Samvinnuverkefni eru unnin undir leiðsögn. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði. Rætt er um meðferð heimilda og höfundarétt á því efni sem nemendur nota við verkefni sín. Farið er yfir helstu reglur um örugga netnotkun s.s. Saft-námsefnið.</p>
Upplýsingaöflun og úrvinnsla.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Póstforrit.</li> <li>- Vefur Námsgagna-stofnunar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti miðlað upplýsingum til annarra með upplýsingatækninni.</li> </ul>	
Tækni og búnaður.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verkefni sem kennari býr til.</li> <li>- Vélritunaræfingar af blaði og á rafrænuformi s.s. Fingrafimi og ýmis önnur forrit.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti sett upp og unnið með skjöl í ritvinnslu á fjölbreyttan hátt.</li> <li>- Geti sent tölvupóst með viðhengjum bæði frá skjáborði og „afrita/líma.“</li> <li>- Kynnist mismunandi hugbúnaði/forriti og læri hvernig á að nota.</li> <li>- Geti flutt myndir úr stafrænni myndavél eða spjaldtölvu inn á heimasvæðið sitt.</li> <li>- Geti nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu.</li> <li>- Geti notað töflureikni til að búa til einfaldar formúlur og myndrit.</li> <li>- Geti notað glæruforrit til að miðla upplýsingum til annarra.</li> <li>- Geti notað umbrotsforrit til að brjóta um texta með myndum s.s. bækling/blað.</li> <li>- Geti notað rafrænt og gagnvirkt námsefni til þjálfunar í námi.</li> <li>- Geti búið til myndasýningu/stuttmynd í Movie-Maker eða öðru sambærilegu forriti.</li> <li>- Geti notað einfaldan hugbúnað/forrit við forritun einfaldra tölvuleikja og hreyfimynda.</li> </ul>	
Siðferði og öryggismál.		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Fari eftir reglum sem gilda um ábyrga netnotkun, átti sig á siðferðislegu gildi þeirra og taki ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á netinu.</li> <li>- Beri virðingu fyrir höfundarétti á rituðu efni og myndum.</li> </ul>	
Matsþættir	<p>Færniþættir eru metnir sem endurspeglar hæfniviðmið og verkefni nemandans. Hann geti nýtt sér margskonar tæknibúnað, hugbúnað, forrit og gögn á ábyrgan og skapandi hátt, geti vegið og metið gæði upplýsinga á gagnrýninn hátt og miðlað þeim margvíslega, vinni sjálfstætt og beri ábyrgð á eigin námsframvindu. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p>		

# Myndmennt

Anna Margrét Smáradóttir

Listir eru einn af hornsteinum mannlegs samfélags og hafa fylgt mannum frá örófi alda. Grunnskólinn er samfélag þar sem listir leika sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni.

Í myndmennt á miðstigi skal leitast við að þroska með nemandanum hæfileika til að vinna sjálfstætt. Lögmál og aðferðir sem nemendur kynntust á yngsta stigi eru þjálfuð, þekking dýpkuð og nýir þættir lagðir inn.

## Myndmennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Myndmennt	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnishorn.</li> <li>- Myndlista bækur.</li> <li>- Netíð.</li> <li>- Vinnu- lýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</li> <li>- Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li> <li>- Geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.</li> <li>- Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu.</li> <li>- Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</li> <li>- Geti greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka.</li> <li>- Geti greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.</li> <li>- Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.</li> <li>- Geti tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.</li> <li>- Geti gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinnar verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verklegar æfingar.</li> <li>- Umræðu- og spurnaraðferðir.</li> <li>- Útlistunarkennsla.</li> <li>- Jafningjakennsla.</li> <li>- Hópvinnubrögð.</li> <li>- Sýnikennsla.</li> <li>- Sköpun.</li> <li>- Leikir.</li> </ul>
Matsþættir	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <p>Umsagnir miðast við getu hvers og eins. Verkefni eru metin í lokin með hliðsjón af hæfniviðmiðum.</p>		

# Leiklist

Magnþóra Kristjánsdóttir

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi skólastofunnar. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum sem hann mögulega fær ekki útrás fyrir á öðrum vettvangi.



## Leiklist

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 6. bekk Nemandi:	Leiðir
Líkami Rödd Látbragð Traust Einbeiting Rýmisvitund Samvinna Slökun Spuni Persónusköpun Flutningur á leiktexta	- Efni frá kennara.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Hafi öðlast dýpri skilning á grunnþáttum leiklistar.</li> <li>- Geti nýtt sér undirstöðuatríði leiklistar í spuna og/eða leiksýningu.</li> <li>- Geti virkjað ímyndunarafli sitt til sköpunar.</li> <li>- Geti unnið saman í hóp.</li> <li>- Hafi náð færni í undirstöðuatríðum persónusköpunar.</li> <li>- Hafi þjálfast í flutningi á leiktexta fyrir framan aðra.</li> </ul>	- Ýmsar aðferðir.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

## Dans

Anna Berglind Júlíóttir

Börnin mæta í sal Tónlistarskólans þar sem danskennslan fer fram. Þar fá þau sér sæti meðan skráð er mæting nemandi. Að því loknu fara þau í stráka og stelpu raðir og þau þöruð saman. Oftast hefst dansinn á paradönsum þar sem þau eru í danshaldi. Aðaláhersla er lögð á að börnin læri samkvæmisdansa og gömludansana en frjálsir dansar (þar sem ekki er verið í danshaldi) eru einnig kenndir. Cha cha cha, djæf, tjútt og Mambó eru mikið dansaðir og bætast alltaf við ný spor í þá dansa og eru þau komin með góðar og nokkuð langar raðir í öllum þeim dönsum. Gömlu dansana dönsum við alltaf reglulega þ.e.s Ræl, Skottís og Vínarkrus. Vínarvals er dans sem við höldum alltaf við en í honum eru ekki mörg spor að læra en við erum farin að snúa hægri snúning. Við dönsum reglulega yfir skiptidansana partípolka og hlöðudansinn. En í þeim dönsum skipta þau reglulega um dansfélaga á meðan dansinum stendur. Einnig læra þau nýja frjálsa dansa sem reynt er að hafa fjölbreytta eins og t.d Súmba, línudansa, og létt spor við vinsæla dægurlagatónlist. Fyrir jól læra þau léttu jóladansa sem dansaðir eru við skemmtileg jólalög. Ef börnin hafa verið dugleg, leikum við okkur stundum undir lok tímans. Oftast eru það hreyfileikir með eða án tónlistar, þar sem þau skemmta sér og æfa í leiðinni jafnvægi eða samhæfingu. Einn af þeim leikjum köllum við Útsvar. Þá er hópnum skipt upp í tvo hópa og fá allir í hópnum að leika fyrir sitt lið og eiga liðin að finna út hvað eða hvern er verið að leika. Þetta er ekki auðvelt fyrir alla og er gaman að sjá þegar þeir sem eru tregir til að leika í byrjun drífa sig svo út á gólf og leika fyrir sitt lið. Tímanum lýkur svo á því að við gerum stelpu- og strákaradír þar sem þau snúa á móti hvort öðru hneygja sig og þakka fyrir dansinn.

## Dans

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 7. bekk Nemandi:	Leiðir
Dans	- Efni frá kennara.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnir góða færni í dansi.</li> <li>- Geti unnið í samvinnu við dansfélaga.</li> <li>- Sýni dansverk undir leiðsögn kennara.</li> <li>- Tengir saman hreyfingu og tónlist í dansi.</li> <li>- Hafi náð tökum á Cha cha cha, Jive, St. Skottís, Vínarvalsi, Vínarkrus, Tjútti, Mambó og frjálsum dönsum.</li> <li>- Þekki heiti dansanna.</li> </ul>	- Sýnikennsla.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

